


## Epoxy terrazzo



### Kostir

Slétt áferð  
Mikið slitþol  
Samskeytalaust  
Auðvelt að þrifa  
Mikið efnaból  
Einstakt útlit

### Notkunarmöguleikar:

Topp  
Efnislýsing:

Epoxy Terrazzo er epoxy steypa með háu innihaldi af fylliefnum af margvíslegum gerðum og í ýmsum litum. Fylliefnin geta verið marmari og bergtegundir af ýmsum gerðum bundið epoxy. Þykkt er frá 8-15 mm eftir grófleika fylliefnis.

Undirbúningur og lögn.

Undirlag er hreinsað með demantslípun eða stálkúlublæstri.  
Undirlag er grunnað með leysiefnalausum grunni  
Fylliefni er stráð í grunninn  
Litað resin með kvartsfylli er borið á flötinn  
Fylliefni er stráð yfir flötinn þar til mettun er náð.  
Þyrllað er yfir flötinn til að jafna og pakka lögnina.  
Slípun í 4-5 þrepum með mismunandi grófum demant.  
Yfirborðshöndlun.

## Eiginleikar

### Styrkur:

Brotstyrkur 88 N/mm<sup>2</sup>

Beygjuþolstyrkur 30 N/mm<sup>2</sup>

Togþolstyrkur meiri en steypu

Fjaðurstuðull ca. 12222N/mm<sup>2</sup>

Hitþensla við 20-50°C u.þ.b. 56x10-6/C

Algerlega raka og vatnsgufuþétt.

## Hörðnunartími

Gangandi umferð - 24 klst

Flest umferð - 48 klst

Fullt álag - 7 dagar

Mikilvægt er að hafa efrifarandi í huga:

1. Að undirlag sé meira en 25 N/mm<sup>2</sup> að brotstyrk. Að öðrum kosti þarf að styrkja undirlag með epoxy inpregneringu.
2. Að undirlag sé rétt og slétt, því léttara því slettara gólfefni.
3. Að hlutfallraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags
4. Að lofthiti sé meiri en 18° við golf meðan á lögn stendur.

Lagning Topp terrazzo gólfefnis er vandaverk og ætti einungis að vinnast af sérhæðum verkötum með reynslu og þann tækjakost sem til þarf. Gólflagnir er sérhæft fyrirtæki með langa reynslu og þekkingu sem tryggir góðan árangur.